


*Þorskur í frjálsum falli:*

*Kominn tími til breytinga*

Stjórn Landssambands smábátæigenda lýsir yfir miklum áhyggjum vegna nýútkominnar skýrslu Hafrannsóknastofnunar úr haustralli 2020.

Samkvæmt skýrslunni er stofnvísitala þorsks í frjálsum falli, lækkar nú þriðja árið í röð og er rúm 40% af því sem hún mældist í haustralli árið 2017.



Mælingar úr haustralli stofnunarinnar staðfesta niðurstöður úr vorralli 2020 að stærð árganga 2014 og 2015 (5 og 6 ára) er langt frá því sem gert var ráð fyrir. Árgangarnir hafa látið verulega á sjá. Líklegast er að þeir hafi liðið fyrir vanveiði undanfarinna ára þar sem magn af stórþorski hefur vaxið gríðarlega. Samdráttur í helstu fæðutegundum stórþorsksins, þ.e. loðnu, síld og kolmunna, virðist hafa stuðlað að stórauðni sjálfráni. Það hefur aukist um 100% milli ára.

Stjórn LS skorar á sjávarútvegsráðherra að efna til gagn Gerrar endurskoðunar á þeirri aðferðafræði sem Hafrannsóknastofnun hefur lagt til grundvallar ráðgjöf sinni undanfarna áratugi. Það er hverjum manni augljóst að hún stenst ekki þær væntingar sem gerðar voru til hennar.

Stjórn Landssambands smábátæigenda

